



## HÁSKÓLI ÍSLANDS

### Greinargerð við mat á umsóknum um doktorsstyrki

[English below]

Við meðferð og mat á umsóknum liggja til grundvallar [reglur doktorsstyrkjasjóðs Háskóla Íslands](#) og [viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands](#), sér í lagi **liður 4.2. faglegar kröfur til leiðbeinenda doktorsnema**. Leiðbeinandi skal að jafnaði

- hafa lokið doktorsprófi eða jafngildi þess á viðkomandi fagsviði. Hæfnisdómur fyrir starf prófessors getur komið í stað doktorsprófs,
- vera viðurkenndur og virkur sérfræðingur á viðkomandi fagsviði,
- vera í virkum tengslum við innlent og alþjóðlegt vísindasamfélag og kynna það fyrir nemendum sínum,
- hafa birt ritsmíðar sem m.a. tengjast verkefni nemanda, á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur,
- hafa sýnt fram á ritvirkni, mælda í rannsóknastigum skv. matskerfi opinberra háskóla, sem nemur a.m.k. 15 rannsóknastigum á ári úr tilteknum flokkum matkerfisins (svonefndum aflstigum) eða sem nemur 30 heildarrannsóknastigum að meðaltali sl. 3 ár. Stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms er heimilt að víkja frá þessari kröfu þegar sérstaklega stendur á
  - Dæmi um slíkt er ef leiðbeinandi uppfyllir ekki kröfu um annað hvort rannsóknastig eða aflstig en uppfyllir vel aðrar faglegar kröfur. Þetta á t.d. við um reynda vísindamenn sem eiga að baki farsælan rannsóknaférl og leiðbeiningarreynslu.
- hafa reynslu af leiðsögn í doktorsnámi, t.d. með setu í doktorsnefndum, eða umtalsverða reynslu af leiðbeiningu í rannsóknatengdu meistaranámi,
- hafa umtalsverða reynslu af öflun sértekna frá viðurkenndum rannsóknasjóðum,
- hafa umtalsverða reynslu af rannsóknasamstarfi með alþjóðlega viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi fagsviði utan Háskóla Íslands.“

#### Almenn viðmið við úthlutun:

Miða skal við að doktorsnámið taki ekki meira en 3-4 ár frá innritun að vörn miðað við fulla fjármögnun. Miðað er við námslengd deildar sem námið fer fram. Í A leiðinni er tekið er tillit til þess ef nemandi hefur verið ófjármagnaður í allt að tvö ár áður en styrkur fæst. Til að mynda getur nemandi í fjögurra ára námi fengið 1 árs styrk árið 2021 ef hann hóf nám 2016, eins og nemandi í þriggja ára námi sem byrjaði árið 2017, nema að fæðingarorlof/veikindi komi til. Fullan styrk fá einungis þeir sem hófu nám árið 2019/2020 eða síðar.

**Mat á verkefnum:**

- Að öllu jöfnu skal einn óháður umsagnaraðili meta hverja umsókn á móti sérfræðingi innan fagraðs áður en að umfjöllun fagraðs kemur.
- Gæta skal þess að óháður umsagnaraðili sé sérfræðingur á fræðasviði umsóknar. Umsagnaraðilar skulu ekki vera með umsókn í sjóðinn.
- Enn fremur skal meta tengsl verkefnis við fræðasvið leiðbeinenda.

**Leiðbeinandi:**

- Um styrkhæfi umsækjenda liggja til grundvallar reglur sjóðanna og fyrrgreind viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms. Í þeim tilfellum þar sem aðalleiðbeinandi er utan Háskóla Íslands skal umsjónarkennari í deild uppfylla þessar reglur. Í þessum tilfellum skal meta sérstaklega ávinning Háskóla Íslands af samstarfinu.
- Ritvirkni leiðbeinanda sl. 5 ár.
- Leiðbeinandi sem hefur doktorsnema á styrk, sem hefur ekki lokið námi á tilætluðum tíma miðað við reglur viðkomandi deildar, þarf að gera grein fyrir stöðu nemandans í náminu.
- Frammistaða leiðbeinanda við leiðbeiningu (til að mynda útskriftir).
- Leiðbeinandi getur aðeins haft tvo nemendur á styrk úr doktorsstyrkjasjóði HÍ hverju sinni.
- Stjórn Rannsóknasjóðs HÍ má taka tillit til nýrra kennara við mat á leiðbeiningarreynslu. Nýir kennarar eru þeir sem hafið hafa störf á síðustu fimm árum. Er miðað við fyrsta akademíska starf (lektor/sérfræðingur).
- Ef um sérstaklega góðan nemanda er að ræða má lyfta umsókn umfram það sem ritvirkni leiðbeinanda gefur tilefni til. Þetta kemur þó einungis til greina ef verkefniseinkunn er ágæt.

**Nemandi A og C leið:**

- Ritvirkni nemanda.
- Greinargerð um framvindu frá inntöku og fram að umsókn og upplýsingar um námshlutfall (A- leið)
- Frammistaða nemenda í grunnnámi og framhaldsnámi.
- Það er á ábyrgð nemanda að greina skilmerkilega frá fæðingarorlofi/veikindum eða öðru sem kann að hafa lengt námstíma þeirra frá því sem eðlilegt telst til á umsóknarformi.
- Umsóknir þar sem akademískir starfsmenn háskóla eru nemendur lenda neðarlega í forgangs röðun við úthlutun styrkja.

**Einkunn umsóknar:**

- Fyrir verkefni: Byggir á umsögn og mati fagraðs.
- Fyrir virkni leiðbeinenda: Byggir á mati ritvirkni og leiðbeiningarreynslu (taka skal tillit til þerra kennara sem eru að hefja feril sinn).

- Fyrir nemanda: Byggir á námseinkunnum úr grunnnámi og meistaranámi, annarri reynslu, birtingum og greinargerð um námsframvindu (A leið). Hægt er að leita eftir umsögnum meðmælenda.

### **Styrkir eftir leið B. Skilyrði fyrir veitingu styrks:**

Til að tryggja að þeir doktorsnemar sem hljóta styrk eftir leið b uppfylli sömu kröfur og þeir sem hljóta styrk eftir leið a og c setur stjórn Rannsóknasjóðs HÍ eftirfarandi skilyrði fyrir styrkveitingunni:

- Styrkurinn skal auglýstur í samstarfi við hlutaðeigandi fræðasvið og/eða starfsmannasvið Háskóla Íslands og birt á [Starfatorgi](#) og eftir öðrum alþjóðlegum opinberum boðleiðum.
- Leiðbeinandi velur aðila úr hópi umsækjenda og leggur fram beiðni til stjórnar Rannsóknasjóðs um ráðningu viðkomandi í stöðu doktorsnema fyrir 15. nóvember á úthlutunarárinu. Með beiðni skulu fylgja eftirfarandi:
  - Ítarleg starfsferilsskrá umsækjanda.
  - Staðfest afrit af brautskráningarferlum úr bæði grunn- og framhaldsnámi.
  - Tvö meðmælabréf .
  - Afrit af auglýsingu með upplýsingum um hvar hún birtist.
  - Almenn útlitun á ráðningarferlinu, s.s. fjöldi umsókna, fjöldi umsækjenda sem teknir voru í viðtal og rökstuðningur fyrir vali á umsækjanda.

Ef framangreind skilyrði eru ekki uppfyllt getur styrkveiting fallið niður.

Stjórn Rannsóknasjóðs HÍ metur hvort umsækjandi uppfylli kröfur um styrkþega sjóðsins í samræmi við viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands og reglur viðkomandi deildar.



## UNIVERSITY OF ICELAND

### Criteria for the evaluation of doctoral grant applications

[The Regulation for the UI doctoral grants](#) fund shall apply to the evaluation of applications. Also [criteria and requirements for the quality of doctoral studies](#), in particular paragraph **4.2 Professional requirements of a supervisor to a doctoral student**. A supervisor must generally

- have completed a doctorate or an equivalent qualification in the relevant academic field. Professorial competence may stand in lieu of a doctorate,
- be a recognised and active expert in the relevant field,
- have active connections in the domestic and international scientific communities and introduce students to these,
- have published works, including ones connected to the student's project, in an outlet which makes rigorous academic demands,
- have shown a level of publishing output, as measured in research points in accordance with the Evaluation System for Public Higher Education Institutions, of at least 15 research points per year from specific categories within the evaluation system (advanced research points), or an average of 30 research points from all categories over the last 3 years. The board of the Graduate School may deviate from this requirement in exceptional circumstances,
  - An example of such is if a supervisor does not meet requirements for either research points or advanced research points, but more than meets other professional requirements. This applies, for example, to experienced academics with an impressive record in research and experience of thesis supervision.
- have experience of supervising at the doctoral level, e.g. by having been a member of a doctoral committee, or considerable experience of supervising students in research-based Master's programmes,
- have considerable experience of obtaining income from recognised research funds,
- have considerable experience of research collaboration with internationally recognised experts in the relevant field working outside the University of Iceland.'

#### **General criteria for the awarding of grants:**

A doctoral programme should take no longer than 3-4 years from enrolment to defence based on full funding. However, the prescribed length of study in each faculty shall be considered. In Route A, it will be taken into consideration if student has been without financial support for up to two years before grant is obtained. For example, those students eligible to receive a one-year grant in 2021 are those in four-year programmes who commenced studies in 2016, or those in three-year programmes who commenced studies in 2017, except in cases where parental leave /

illness has extended the period of study. Only those who commenced studies in 2019 or 2020 and those who enroll in 2021 may receive a full grant.

**Evaluation of projects:**

- Generally, one independent expert shall review each application before it is discussed by the review panel.
- Care must be taken to ensure that reviewers are experts in the academic field relevant to the application and are not applicants themselves.
- Furthermore, the connection between the project and the supervisor's academic field must be evaluated.

**Supervisor:**

- Regulations for the individual funds shall apply to the eligibility of applicants to receive grants. In those cases in which the student's main supervisor works outside the University of Iceland, the student's tutor must meet the requirements of these regulations. In these cases, the benefit to the University of Iceland from the collaboration shall be evaluated in particular.
- The supervisor's publishing output over the last 5 years.
- If a supervisor has had a student that has been awarded a grant, and has not completed the doctorate in the time stipulated by the regulations of the faculty in question, the supervisor must account for the student's progress.
- The supervisor's record in supervising students (graduation records).
- A supervisor may generally only have two students funded by UI doctoral grants fund at any given time.
- The Board of UoI Research Fund may make allowances for new teaching staff when evaluating supervision experience. New teaching staff are those who began working within the last five years and are in their first academic post (lecturer / research specialist).
- If the student is particularly strong academically, the application may be counted as stronger than the publishing output of the supervisor indicates. This, however, will only be considered if the proposed project is rated as excellent.

**Student Route A and C:**

- Student's publishing output.
- Report on the student's academic progress since admission and study rate.
- .
- The student's performance at the undergraduate and graduate levels.
- The student is responsible for accounting on the application form for parental leave / illness or anything else that may have extended the length of study beyond that which is considered normal.
- Applications from students who are also members of university academic staff are given low priority when awarding grants.

**Grading the application:**

- For the project: based on the reference and evaluation of the review panel.
- For the supervisor's output: based on an evaluation of the supervisor's publishing output and supervision experience (allowances shall be made for those members of teaching staff just beginning their careers).

- For the student: based on grades at the undergraduate and graduate levels, other experience, publications and report on academic progress (Route A). References may be sought.

#### **Grants awarded via B route. Requirements for the awarding of a grant:**

To ensure that those doctoral students awarded a doctoral grant via B route meet the same standards as those awarded a doctoral grant via A or C route, the board of the UI research fund makes the following requirements for the allocation of a grant:

- The grant shall be advertised in collaboration with UI school or related institute and/or the UI division of human resources and published on [Starfatorg](#) and via other international official channels.
- Supervisor appoints a candidate amongst applicants to the board of the UI research fund before November 15th on the year when grant is awarded. The appointment shall include the following:
  - Candidate's detailed CV
  - Certified transcripts of academic records from both undergraduate and graduate studies
  - Two letters of reference
  - A copy of the published advertisement as well as general information on where it was published
  - General description on the selection process, such as number of applicants, number of applicants interviewed, rationale for the candidate, et cetera.

If the above mentioned conditions are not met then the grant may be withdrawn.

The Board of the UI research fund evaluates whether the candidate meets the UI doctoral grants fund's requirements regarding grant recipients in accordance with the criteria and requirements for the quality of doctoral studies at the University of Iceland and the regulations of the relevant faculty.